

Stjórnarfundur hjá Félagi stjórnsýslufræðinga, 18. september 2015

**Staður:** Tollstjóri

Tími: 11.30

**Mætt:** Bergný Jóna Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð, Elvar Örn Arason, Gestur Páll Reynisson, Guðbjörn Guðbjörnsson og Dóra Magnúsdóttir.

### **Nýir félagar**

Ekki hafa nýir félagar skráð sig í félagið.

Elvar mun skrifa bréf og senda nýútskrifuðum stjórnsýslufræðingum þar sem þeim verður kynnt félagið.

### **Niðurstaða stefnumótunar**

Farið var yfir stefnumótunarfund stjórnar og fyrirhuguð verkefni á starfsárinu. Stefnt er því að halda a.m.k tvo hádegisfundir, einn að hausti og annan að vori. Mikil áhersla verður lögð á að gera 10 ára afmæli félagsins hátt undir höfði.

### **Hádegisfundur í byrjun október**

Fyrirhugað er að halda fyrsta hádegisfund félagsins í byrjun október sem ber yfirskriftina „Ertu drekinn? Uppsagnir og tilfærsla opinberra starfsmanna“.

Vigdís Hauksdóttir, þingkona, hefur samþykkt að fjalla um frumvarp sitt sem miðar að því að auðvelda uppsagnir ríkisstarfsmanna og Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM hefur einnig samþykkt að tala á fundinum og greina frá afstöðu BHM til frumvarpsins.

Reynt verður að fá einn fræðimann til liðs við hópinn sem mun fjalla um lög um opinbera starfsmenn út frá fræðilegu sjónarhorni. Gestur athugar hvort Gylfi Dalmann sé tilbúinn til að taka verkið að sér.

Gestur Páll Reynisson mun stýra fundinum.

Elvar mun athuga hvort Kex hostel geti hýst viðburðinn og boðið okkur gott verð á mat.

Elvar mun einnig sjá um að útbúa auglýsingu og koma á framfæri.

### **Önnur mál**

Hugmyndir eru um að afmælisráðstefnan fari fram á vormánuðum og fjalli um strauma og stefnur í opinberri stjórnsýslu. Rósa hefur beðist undan því að sitja í nefndinni og mun Elvar tala við fyrrverandi formenn og kanna hvort einhver þeirra hafi áhuga á að starfa með nefndinni.